

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Fatahönnun

Tvíhyggja kynjanna

Áhrif hennar á kyngervi, klæðaburð og hönnun

Ritgerð til BA-prófs í fatahönnun

Kristín Sunna Sveinsdóttir

Haustönn 2014

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Fatahönnun

Tvíhyggja kynjanna

Áhrif hennar á kyngervi, klæðaburð og hönnun

Ritgerð til BA-prófs í fatahönnun

Kristín Sunna Sveinsdóttir

Kt.: 2607892529

Leiðbeinandi: Ásta Jóhannsdóttir

Haustönn 2014

Útdráttur

Í þessari ritgerð er gerð rannsókn á tvíhyggju og tvíhyggju kynjanna allt frá fornöld til dagsins í dag. Hér leiðir saman ýmsar kenningar heimspekinga og femínista og fjallað um hvernig þær höfðu áhrif á samfélagsmótun í sambandi við kyngervi, klæðaburð og hönnun. Margar þessara kenninga hafa óneitanlega haft gífurleg áhrif á hugmyndasögu okkar og menningu og hafa mótað samfélagsþróunina. Konur hafa löngum verið álitnar *hitt kynið* og margar deilur hafa komið upp á yfirborðið um hvernig hún skuli þóknast karlmanninum. Konan hefur verið talin óæðri karlinum og jafnframt að *eðli* konunnar ráðist aðeins af því sem hana skortir miðað við karlinn.

Kenningar um tvíhyggju hafa haft mikil áhrif á hugmyndir einstaklingsins um kynið sjálft og sitt eigið kynjaða hlutverk. Klæðaburður hefur mikið vægi innan þeirra hugmynda og gegnir því stóru hlutverki í félagsmótun samfélagsins. Klæðaburður og hönnun hafa í gegnum tíðina lotið ákveðnum reglum um kynhlutverkið og hvernig kynin haga sér út frá því, sem birtist í því hvað er „við hæfi“ í klæðaburði kynjanna. Hér verður rannskað hvernig þessar hugmyndir hafa þróast í gegnum söguna.

Klæðnaður beggja kynja hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina og þá sérstaklega klæðnaður kvenna uppúr aldamótunum 1900 þegar bylting skall á í jafnréttisbaráttunni. Börðust þá fjölmargir fyrir auknum rétti kvenna – þar með talið rétti konunnar til að ráða eigin klæðaburði. Femínistar og femínismi yfir höfuð hafa hat mikil áhrif á stöðu konunnar innan samfélagsins og þar af leiðandi félagsmótun einstaklingsins.

Byrja ég á að skoða hvernig tvíhyggja kynjanna birtist í kenningum Aristótelesar.

Þarnæst skoða ég nýrri kenningar heimspekinga og feminista og skoða svo 20. öldina með tilliti til breytinga í klæðaburði kvenna. Í lok ritgerðarinnar greini ég frá afkastamiklum áhrifavöldum þá og nú í fatahönnun sem breyttu miklu fyrir klæðnað kvenna og útlit. Þar er fremst í flokki Coco Chanel sem átti stóran þátt í breytingum á því hvernig konur voru til fara almennt.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	5
2. Tvíhyggja og kynin - <i>Heimspeki fornaldar</i>	8
2.1 Aristóteles	8
3. Kyn og kyngervi – <i>Beauvoir til Butler</i>	10
3.1 Simone de Beauvoir	10
3.2 Judith Butler	12
4. Samfélag og áhrif – <i>20. Öld</i>	13
4.1 Aldamótin 1900	13
4.2 1900-1910	14
4.3 1910-1920	14
4.4 1920-1930	15
4.5 1930-1940	17
5. Frá Chanel til Wang – <i>þá og nú</i>	18
5.1 Coco Chanel	18
5.2 Alexander Wang	19
Lokaorð - Samanburður	20
Heimildaskrá	22
Prentaðar heimildir	22
Vefheimildir	22

1. Inngangur

Frá forni tíð og fram til dagsins í dag hefur einstaklingurinn ávallt búið við ákveðin viðmið og gildi, reglur um hvernig beri að haga sér í samfélaginu. Mannkyni er skipt í tvo hópa, *karl* og *konu* og í þessum skilningi er talað um *tvíhyggju kynjanna*. Í þessari skiptingu hefur hallað á hlut kvenna, þær hafa verið álitnar sem *hitt kynið*: konan var talin karlinum óæðri og *eðli* konunnar ráðist aðeins af því sem hana skortir miðað við karlinn.¹ Þessi túlkun hefur óneitanlega haft mikil áhrif á hugmyndasögu okkar og menningu í sambandi við kynin. Tvíhyggjukenningar hafa mikil áhrif á hugmyndir einstaklinga um kynið sjálft og sitt eigið kynjaða hlutverk, sem gegnir stórum þætti í félagsmótun samfélagsins. Við erum alin upp við ákveðnar reglur í samfélaginu um kynhlutverk okkar, og í því felst meðal annars hvernig konum og körlum beri að klæðast.

Vísindamenn á seinnihluta nítjándu aldar héldu því fram að líkamlegur munur á milli karla og kvenna réttlætti félagslegu hlutverkin. Á þessum tíma var mikill kynjamismunur og var staða og hlutverk kvenna mjög frábrugðin stöðu karla. Kvennmenn, sama hvaða stétt þær tilheyrðu innan síns þjóðfélagshóps höfðu nánast enginn lagaleg né stjórnmálaleg réttindi og höfðu til dæmis ekki rétt til að kjósa, gegna opinberum stöðum eða eiga land, ásamt því að hafa takmörkuð tækifæri til að mennta sig.² Enn eru uppi mjög ákveðnar hugmyndir um mismunandi klæðnað fyrir kynin, en þó svo þessar hugmyndir séu búnar að þróast í gegnum árin eru ennþá gamlar hefðir við lýði. Munurinn á milli karl- og kvenlíkamans er ekki eins mikill og hann er látin líta út fyrir að vera og spurning er uppi hvort skilgreining kynsins verði óþarfi með tíð og tíma, að við þurfum ekki á *kynferði* sem samfélags- eða menningarlegu greinarhugtaki að halda - en sumir líta svo á að þá fyrst sé fullkomnu jafnrétti kynjanna náð.³

Hægt er að segja að femínismi sé eins konar tæki til að greina mismunun kynjanna og er hann nú þegar farin að nýtast til að upplýsa um aðstæður annarra hópa sem eiga

¹ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 23.

² Diana, Crane, „Fashion and gender in the nineteenth and twentieth centuries”, *Fashion and its social agendas; class, gender, and identity in clothing*, University of Chicago press gaf út, Chicago, 2000, bls. 16.

³ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls 16.

undir högg að sækja vegna samkenna.⁴ Kynjamismunun, sem og öll önnur mismunun, er enn fremur þjóðlega óhagkvæm vegna þess hún skapar misræmi og ójafnvægi í samfélaginu, því er betra að skipta verkum kynjanna upp á sanngjarnan hátt.

Femínistinn Simone de Beauvoir andmælti öllum eðlishyggjukeningum og staðhæfði að „maður fæðist ekki kona, heldur verður kona” – en þessar hugmyndir um eðli kynjanna var notað til að réttlæta kynbundna hlutverkaskiptingu.⁵

Klæðaburður og hönnun hafa í gegnum tíðina lotið ákveðnum reglum kynhlutverksins og hvernig kynin haga sér út frá því. Klæðnaður kvenna hefur tekið miklum breytingum í aldaraðir og ekki síst uppúr aldamótunum 1900. Með tilkomu kreppunnar og heimstyrjaldirnar skullu á margvíslegar breytingar er konur þurftu að taka við vinnustöðu karla meðan þeir voru á vígstöðum og þá klæddust konurnar ýmsum einkennisbúningum og vinnufatnaði karlmannna sem þær höfðu aldrei áður gert. Fatnaður gegnir gríðar stóru hlutverki innan félagsmótunar mannkynsins. Útlit segir mikið til um hver eða hvað þú ert og vilja menn gjarnan dæma mikið útfrá fyrstu sýn.

Í þessari ritgerð ætla ég að leitast við að svara eftirfarandi: erum við að færast úr tvíhyggjunni? Hver eru áhrif tvíhyggjunnar á hönnun og tísku? Eru hönnuðir farnir að leika sér meira með kyngervi?

Til þess að svara þessum spurningum mun ég fara yfir sögu tvíhyggjunnar og annarra kyngerviskenninga, allt frá tvíhyggjukeningum fornaldar og hugmyndum innan þeirra um eðli kvenna. Ég tek fyrir kenningar Platóns og Aristótelesar um hlutverk konunar innan samfélagsins, ásamt kenningum franska heimspekingsins René Descartes um aðgreiningu líkama og sálar, þess andlega og efnislega. Þar að auki mun ég skoða viðfangsefni innan femínískra fræða sem snúast um kyn og kynferði einstaklingsins innan þjóðfélagshópa. Þar má nefna kenningar franska femínistans Simone de Beauvoir, en hún hafði mikið að segja í baráttu kvenna í byrjun 20. aldar sem og bandaríski heimspekingurinn Judith Butler sem er þekkt fyrir kenningar sínar um félags- og hugvísindi og er talin frumkvöðull innan hinsegin fræða. Einnig er fjallað um baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti, sem og félagsmótun kynjanna innan samfélagsins. Því næst fjalla ég um hvernig tískuiðnaðurinn hefur vaxið og ýtt undir breytingar í klæðaburði; það hvernig konur frelsuðust undan þessum íburðarmiklu

⁴ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls 16.

⁵ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 13-14.

flíkum fyrri alda yfir í mun þægilegri flíkur sem vísa meira til kynlausrar tísku og aukins notagildis. Í því samhengi fjalla ég um Coco Chanel og hennar áhrif á tískuheiminn, en innblástur hennar kom m.a. frá fataskápi karlmannsins. Því næst ætla ég að skoða nokkra hönnuði sem voru eða eru áhrifamiklir innan tískuheimsins og skoða hvernig þeir hafa haft áhrif á samtímann með leik sínum að kyngervi í sinni hönnun.

2. Tvíhyggja og kynin - *Heimspeki fornaldar*

Tvíhyggjukenningar gera ráð fyrir að til sé einhver grundvallar tvískipting, að til sé einhvers konar veruleiki sem er tvískiptur og um þá hluti gildi ólík lögmál.

Heimspekikenningar til forna fjölluðu um *eðli* kvenna og í þessum kafla mun ég fara yfir helstu kenningarnar á því sviði en þær hafa verið ráðandi innan sögu kirkjunnar. Þessar kenningar eiga rætur að rekja til kenninga Aristótelesar, sem og allar þær hugmyndir um konur á borð við kynjahlutverk, stöðu og kynbundna hlutverkaskiptingu. Þær hafa í gegnum tíðina mótað samfélagsgerðina, réttarfarið og grunninn að hugmyndum um konur og hafa gegnsýrt evrópska menningu og hugmyndasögu.⁶

Til eru mismunandi skilgreiningar á orðinu *tvíhyggja* en þær hafa það allar sameiginlegt að innihalda eins konar hugtakapör eða sundurgreiningu sem gerir það að verkum að andsæður verða til. Sem dæmi um slík hugtakapör má nefna: Menning og náttúra, skynsemi og tilfinningar, sál eða hugur og líkami. Með öðrum orðum má segja að tvíhyggja geri ráð fyrir að alheimurinn skiptist í tvenns konar veruleika eða stjórnist af tveimur grundvallaröflum, samanber góðu eða illu. Í fornöld var litið á karlmenn sem fulltrúa skynsemi, sannleika, menningar, veru, sálar og hugar á meðan kvennmaðurinn var tengdur náttúrunni í gegnum líkamann og hann sagður vera tilfinningavera.⁷

2.1 Aristóteles

Kenningar forngríska heimspekingsins Aristótelesar um mismun kynjanna eiga rætur sínar að rekja læriföður hans, Platós. Aristóteles fjallaði um flest öll svið vísinda og lagði grunn að skiptingu þeirra. Þessi tvíhyggja sem Aristóteles lagði grunn að innan kyneðlisskilgreininga hefur reynst ótrúlega lífseig og hefur lifað áfram í aldir og finnst jafnvel í ákveðnum stefnum innan feminismans.⁸

Aristóteles skrifar: „Okkur ber að líta á konuna sem væri hún vanskapnaður sem kemur þó engu að síður upp við náttúrulegar aðstæður. Þessi vanskapnaður er náttúrulegur vegna þess að náttúran krefst hans til viðhalds mannkyns.”⁹

⁶ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001. bls. 19-20.

⁷ Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999.

⁸ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 20-21.

⁹ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 22-23.

Kenning Aristótelesar um líffræðilegan kynjamismun hefur verið kölluð einskyns kenning. Heimspekingar til forna sáu heiminn sem óstöðugan og að allt væri breytingum undirorpið. Þeir vildu komast að því hvert eðli hluta væri með því að finna hið óbreytilega í hinu breytilega. Heimspeki Aristótelesar hefur ætíð verið lýst sem markhyggju eða tilgangshyggju og snýst sú kenning um að allar athafnir og öll starfsemi stefni að einhverju marki eða hafi einhvern tilgang. Samkvæmt þessari kenningu gegnir allt ákveðnum tilgangi, og er sá tilgangur eðlislægur. „Markmið hlutar eins og hnífs er að skera vel, þ.e.a.s. að uppfylla það hlutverk sem hann hefur og það sama gildir, en þó með öðrum hætti, um hlutverk karla og kvenna [...]”.¹⁰

Tvíhyggja Aristótelesar kallast *eðlishyggjukenningar*. Þetta eru kenningar sem eru byggðar á líffræðilegum mismun kynjanna. Hvort kyn fyrir sig er fulltrúi einhverra ákveðinna eiginleika og gegna þau ákveðnum hlutverkum í samræmi við kynjahlutverk sitt.¹¹

Aristóteles gengur út frá einu kyni. Hið eina og eiginlega kyn er karlkyn og hann leiðir kvenkyn af því (á svipaðan hátt og Guð skapaði Adam og bjó síðan til Evu úr rifinu). Konan er, samkvæmt kenningu Aristótelesar, frávik frá hinu eina og upprunalega karlkyni. Karlinn er staðall eða viðmið og kvenkyn er frávik frá því.¹²

Eins og áður segir hafa þessar kenningar Aristótelesar um meðfæddan mismun kynjanna reynst ótrúlega lífseigar. Samkvæmt honum er mismunur kynjanna ekki bara líkamlegur, heldur einnig andlegur og má jafnvel líka segja vitsmunalegur. Konan var talin *ill nauðsyn* til viðhalds mannkyni, það var eina skynsamlega ástæðan af tilvist hennar á þeim tíma og hafði hún öllu ómerkari hlutverkum að gegna samkvæmt hinni forgrísku heimspeki sem frá rekja til Aristótelesar¹³ og var heimsmynd okkar lituð af þessum kenningum langt fram á 20. öldina.

En af nytjahlutverki kynjanna beggja eru dregin tvö *kyngervi* sem lúta að ákveðnum hlutverkum, eiginleikum með tilkomu ákveðinnar hegðunar hvors kyns fyrir sig. Hlutverkunum var skipt niður út frá útliti líkamans og hegðun og því gefið ákveðið form, sem karllægir og kvenlægir eiginleikar. Kynin voru því alltaf talin eðlisbundin og mátti rökstyðja mismun kynjanna á margan hátt; til dæmis líffræðilega með því að benda á ólíka hormóna og litninga. Með þekkingunni um sjálfsagða og eðlislega

¹⁰ Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 22.

¹¹ Sigríður Þorgeirsdóttir, *Eðli kvenna í ritum heimspekinga*, Mbl.is/greinasafn, 1999.

¹² Sigríður Þorgeirsdóttir, 2001, bls. 22.

¹³ Mbl.is/greinasafn, 1999.

aðgreiningu kynjanna, sundurgreinum við heiminn og erum sjálf skilgreind samkvæmt henni. Í fæðingu er samstundis fest á okkur merkimiði: Strákur! Stúlka!

Kyngervismunur er því líklegur viðmiðið sem við göngum út frá og leikur minnsti vafi á kyngervi er okkur ekki vært. Þegar við sjáum hvort kynið manneskjan er teljum við okkur vita heilmikið um viðkomandi sem sagt: Konur eru jú konur og karlar eru karlar. Eða hvað?¹⁴

Með tilkomu femínisma fóru konur að brjótast úr þessum skorðum sem þeim voru settar. Mikið var gert til að fá aukið jafnrétti milli kynjanna og ekki síst kom það í ljós í klæðaburði og fatnaði kvenna í kringum 1920. Byltingin var mikil og fóru konur að berjast á fullu til að öðlast sinn rétt. Í næsta kafla mun ég nánar fjalla um helstu áhrifavalda sem breyttu ýmsu í samfélaginu hvað varðar réttlæti milli kynjanna.

3. Kyn og kyngervi – *Beauvoir til Butler*

Í þessum kafla greini ég frá áhrifum femínista á stöðu kvenna frá og með 20. öld sem ætíð hefur verið samtengd baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti. Frá hugmyndum Beauvoir um grunnin að femínískum kenningum um samfélags- og menningarlega mótun kynferðis og kynsjálfsmynda. Sem var uppistaðan á hinu víðtæka sviði femínískra fræða innan hug- og félagsvísinda.

3.1 Simone de Beauvoir

Franski femínistinn Simone de Beauvoir (1908-1986) var afkastamikill heimspekingur og rithöfundur og hafði mikil áhrif á femíníska baráttu. Meðal annars fjallar Beauvoir um tilvistarleg tengsl okkar og siðfræðilegt inntak í sambandi við okkur sjálf. Rit hennar byggðust á fyrirbærafræðilegri greiningu á tilvist manna og þeim aðstæðum og félaglegu tengslum sem maðurinn hefur innan samfélagsins. Rit hennar *The second sex* (Hitt kynið) frá árinu 1949 átti stóran þátt í að hrinda af stað svokallaðri annarri bylgju femínismans, og er það eitt áhrifamesta rit í sögu 20. aldarinnar.¹⁵ Beauvoir lagði

¹⁴ Jón Proppé, Úlfhildur Dagsdóttir, 1998, bls. 124.

¹⁵ Visindavefurinn.is, 2011.

grunnin að femínískum hugmyndum um samfélags- og menningarlega mótun kynferðis og kynsjálfsmynda, og er það uppistaðan á hinu víðtæka sviði femínískra fræða innan hug- og félagsvísinda.¹⁶

Hugmyndir karla um sjálfa sig taka ekki mið af konunni en karlinn er viðmiðið í mynd konunnar af sjálfi sér. Og hún er ekkert annað en það sem karlinn ákvarðar. Hún er kölluð „kynið” til að gefa til kynna að hún birtist karlinum fyrst og fremst sem kynvera: hann lítur á hana sem kyn, því hlýtur hún að vera það óskorað. Það er út frá karlinum – út frá muninum á henni og honum – sem hún er skilgreind, en hann ekki út frá henni. Hún er aukaatriðið andspænis aðalatriðinu. Hann er sjálfsveran, hann er veruleikinn sjálfur: hún er Hinn.¹⁷

Femínísk fræði eru og hafa alltaf verið samtengd baráttu kvenna fyrir frelsi og jafnrétti. Mismunur og misrétti hefur í gegnum tíðina verið *réttlætt* með skírskotum til einhvers konar „náttúrulegra” eða „eðlislægra” mismuna. Það hefur verið mikilvægt verkefni innan femínismans að afsanna slíka nátturutrú og eðlishyggju með því að sundurgreina líkamlegan kynjamismun, kynhlutverk og kynsjálfsmynd.¹⁸ Að mestu leiti halda talsmenn mótunarhyggjunnar að kynjamunur sé fyrst og fremst félagslegt sköpunarverk. Það að þú fæðist kvenkyns eða karlkyns og svo er það samfélagið sem mótar einstaklinginn að því sem hann er.¹⁹

Það má segja að margbreytileiki mannkynsins horfi fram hjá því sem telst kvenlegt og karlmannslegt. Það að dæma útlit, hegðun, stöðu eða hlutverk einstaklinga, eftir því hvort manneskjan sé karl eða kona er bæði heftandi og niðurnjörvandi fyrir einstaklinginn og samfélagið í heild sinni. Það er því nauðsynlegt að tryggja hið félagslega rými svo að mannkynið geti fundið sér réttan stað í litrófi samfélagsins, óháð samræmum hugmyndum um *eðli* kynjanna. Er ekkert rétt eða rangt eða viðeigandi eða óviðeigandi?²⁰

Strangt tiltekið vísar „kyn” í líkamlegar eigindir og líffræðilega getu og er aðgreint frá “kyn” í líkamlegar eigindir og líffræðilega getu og er aðgreint frá “kyngervi” sem stendur fyrir menningarlegar og félagslegar merkingar sem færðar hafa verið yfir á kynjaðan líkama. „Kynferði“ nær yfir kyn og kyngervi og lýtur að menningarlega mótuðum merkingum sem eru hvort tveggja líffræðilegar og erótískar; það ræðist ekki eingöngu af líffræðilegu kyni, af því hvort einstaklingur er með getnaðarlim eða leggöng.²¹

¹⁶ Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 101.

¹⁷ Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 29.

¹⁸ Irma Erlingsdóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 102.

¹⁹ Visindavefurinn.is, 2000, .

²⁰ Visindavefurinn.is, 2000.

²¹ Jón Proppé, Úlfhildur Dagsdóttir, 1998, bls. 130.

Hér er kyngervi notað um þá menningarbundnu merkingu sem samfélagið leggur í hið líffræðilega kyn. Hvert samfélag hefur ákveðnar væntingar um hvað það merkir að vera kona eða karl, um verksvið og skyldur kynjanna og hvernig þau eigi að líta út og hegða lífi sínu.²²

3.2 Judith Butler

Bandaríski heimspekingurinn Judith Butler (1956) hefur haft mikil áhrif á fræði og kenningar innan félags- og hugvísinda, en hún er einnig talin vera ein af frumkvöðlum hinsegin fræða (e. queer theory). Rit hennar *Gender troubles* (1989) markaði grundvallarbreytingu femínískra kenninga í hugmyndasögu vegna þeirrar gagnrýni á sjálfsmyndarpólitík sem þar kemur fram.²³ Ritverkið hennar er sérstaklega rómað fyrir tvennskonar nálganir; að sjá kyngervi sem *gjörning* og að kyn sé alltaf þegar *kyngervi* er.²⁴ Skilgreiningar á kyni og kyngervi sem *gjörningi*, eru sem sagt síendurteknir og móta þannig skilning okkar á kyni og kyngervi.²⁵ Það fjallar um að þú ert ætíð að gera kyn þitt, og ert sífellt verðandi en aldrei fullbúin. Þetta er ekki gervi eða búningur sem þú getur farið í og úr. Þetta nefnist *gjörningur* vegna þess að það lærist af stöðugri endurtekningu af sömu *gjörð*. Að nefna að *kyn* sé alltaf þegar *kyngervi* merkir að kynjahugtakið er ávallt *hugtak* eða *hugmynd* og ávallt er vísað til líffræðilegs kyns út frá hugmyndum sem eru að einhverju leyti mótuð af því samfélagi og samtíð sem þú tilheyrir, sem er einfaldlega ekki það sama og *hinn* kynjaði líkami.²⁶

Butler setti fram þá róttæku tilgátu til að kveða niður eðlishyggjudrauginn að hvort tveggja kyn og kyngervi séu skilgetin afkvæmi menningarinnar og á valdi þeirrar orðræðu sem mótar skilning okkar. Butler kemur einnig fram með kenningu sem kalla mætti *fjölhyggjukenning* og var sú kenning um kyngervi sem er lausn úr viðjum hins hefðbundna tvískauta viðmiðs kynjanna. Til samræmis við slagorð Beauvoir um „hitt kynið“ mætti lýsa kenningu Butler á hinn veginn, þar að segja um „hin kynin“.²⁷

Bæði Beauvoir og Butler benda á félagslega mótun kyns og kyngervis með skrifum sínum og hafa haft mikil áhrif á ákveðnar „staðreyndir“ um kynin. Áhrif tísku

²² Visindavefurinn.is, 2000.

²³ Visindavefurinn.is, 2013,

²⁴ Visindavefurinn.is, 2013.

²⁵ Irma Erlingsdóttir, og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 102.

²⁶ Visindavefurinn.is, 2013.

²⁷ Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 1999, bls. 102-103.

á félagslega mótun kynjanna er einnig mikil og mun ég skoða þau áhrif betur í næsta kafla.

4. Samfélag og áhrif – 20. Öld

Fatnaður og tíska gegna mjög mikilvægu hlutverki í byggingu félagslegrar sjálfsmyndar einstaklinga og eru einn sýnilegasti búningurinn í samfélaginu. Klæðnaður getur vakið upp ýmsar hugrenningar um fólk og hvernig fólk túlkar hina ákveðnu mynd af manneskjunni. Sem dæmi þá klæðir viðskiptafólk sig öðruvísi en skólafólk innan sama samfélags eða fólk klæðir sig á ákveðin hátt vegna trúabragða. Annars raðast það eftir mismunandi hefðum fólks á mismunandi tímum.²⁸

Tískufatnaður getur sem sagt verið notaður til að koma með ákveðnar yfirlýsingar á félagslegri sjálfsmynd en ein stærstu skilaboð fatnaðar eru um hvernig konur og karlar skynja og túlka kynhlutverk sín.²⁹ Fatnaður sinni því ýmsum tilgangi í samfélaginu sem endurspeglar stéttarstöðu fólks eða kom upp um hvaða stétt það tilheyrði, en endurspeglar einnig stöðumuninn milli karla og kvenna. Fatnaður var því álitin eins konar sameiningartákn og auðkenni, þannig að sjáanlega væri auðvelt að skilgreina hver er hver eða hver væri hvað.³⁰

4.1 Aldamótin 1900

Um aldamótin 1900 urðu miklar breytingar í klæðaburði og tísku kvenna, hlutverk konunnar var að breytast en breytingin var hægfara. Konur fóru að klæðast íburðaminni flíkum sem voru mun þægilegri en áður höfðu tíðkast. Til dæmis voru buxur í fyrstu aðallega notaðar við íþróttaiðkanir en urðu svo liður í sjálfstæðisbaráttu kvenna á 20. öld.³¹

Tíska hefur alltaf haft mikinn félagslegan tilgang hjá konum. Á níttjándu öld, voru íhaldssamar hugmyndir um hlutverk kvennanna ráðandi. En uppúr

²⁸ Crane, Diana, 2000, bls. 1.

²⁹ Crane, Diana, 2000, bls. 16.

³⁰ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 145.

³¹ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 147.

aldamótunum 1900 varð tískan sífellt framsæknari sérstalega í kringum 1920 til 1960.³² Miklar félagslegar breytingar áttu sér stað og konur fór að stíga í síauknum mæli út úr viðteknum „kvenhlutverkum“.

4.2 1900-1910

Margar nýjungar urðu í klæðnaði kvenna uppúr aldamótunum og má nefna einn mikilvægasta fata- og tískuhönnuð í byrjun 20. aldar, Paul Poiret. Poiret skapaði margar nýjungar í fatnaði kvenna eins og með breytingu á mittislínunni, er hann færði hana upp undir brjóstin, sniðlínan varð lengri og kjólarnir fengu slóða. En lögunin á lífstykkjunum breyttist einnig og líkaminn átti að virðast grennri og lengri.³³

Helsta fyrirmyndin að nýjungum Poiret um breyttar línur í fatnaði kvennanna komu frá rússneska ballettinum árið 1909. Í franskri menningu komu mikil áhrif frá leikhúsunum en í þeirri ensku voru áhrifin meiri frá íþróttum. Það sem einkenndi bæði áhrifin innan franskra og enskra menningar var að klæðnaðurinn varð einfaldari og þægilegri. Sniðin urðu einföld og þægileg, efnin léttari og því gengdu þessar breytingar mikilvægum þætti í frelsi konunnar undan þvingunum fyrri alda.³⁴

4.3 1910-1920

Í byrjun þessa tímabils má segja að líkami kvenna hafi öðlast það frelsi og náttúrulega líkamsform sem konur höfðu barist fyrir í lengri tíma. Að einhverju leiti má segja að hönnuðir hafi verið að gera upp hið liðna og brjóta upp hefðina. Buxurnar og brjóstarahaldarinn voru komin til að vera enda var notagildið í fyrirrúmi.³⁵

Á fyrri tímum hafði tískan fylgt ákveðnum venjum en nú var fjölbreytileikinn enn meiri sem áður fyrr og sérhver hönnuður þessa tíma átti sinn eigin stíl. Áhrif fyrri heimsstyrjaldarinnar (1914-1918) voru mikil og áttu þátt í miklum breytingum í garð kvenna og höfðu þar af leiðandi mikil áhrif á tískunna og samfélagið vegna þrúgandi átaka í götu- og verksmiðjulífi sem leyndu sér ekki.³⁶

Einnig beyttist staða kvenna á vinnumarkaðinum á þessum tíma og á meðan karlmennirnir voru á vígstöðvunum þurftu konurnar að ganga til allra verka sem karlmenn höfðu áður sinnt, svo sem í verksmiðju- og þjónustustörfum. Þær urðu

³² Crane, Diana, 2000, bls. 19.

³³ Crane, Diana, 2000, bls. 19

³⁴ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 153.

³⁵ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 154.

³⁶ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 156.

sjálfstæðari fyrir vikið og urðu samfestingar að vinnufatnaði kvenna í verksmiðjunum sem breytti til nýjum áherslum í fatagerð og þaðan var ekki aftur snúið. Buxur og konur áttu því samleið upp frá þessum tímamótum.³⁷

Hverdagsfatnaður var skyrtublússukjól eða blússumussa yfir pils en tvískiptar dragtir urðu vinsælar og sniðin gátu verið með karl- og hermannalegu yfirbragði. Í tengslum við stríðið var hannaður rykfrakki, eða skotgrafarfrakki (*trenchcoat*), úr poplíni, síður, ein- eða tvíhnepptur með axlaspælum og belti. Regn- og vindfrakkar urðu sérstaklega vinsælir eftir stríð, bæði hjá konum og körlum. Sportfatnaður breyttist hvað mest á þessum stríðsárum. Tómsunda- og íþróttfatnaður var ný þörf sem gerði nýjar kröfur. Þetta þurfti að vera þæginlegur fatnaður, hafa notagildi, vera litaglaður og sérhannaður fyrir þarfir iðjunnar.³⁸

Þetta bendir til þess að stríðsárin hafi breytt miklu í heimi tískunnar á jákvæðan hátt fyrir klæðnað og stöðu kvenna þrátt fyrir að vera afskaplega erfiður tími í sögu mannkynsins. Riðlun á kynhlutverkum frelsaði konurnar frá heimilinu og var ekki aftur snúið.

4.4 1920-1930

Pólítísk og félagsleg staða breyttist víða eftir fyrri heimsstyrjöldina. Unga fólkið hafnaði hugmyndum fyrri tíðar og taldi að stríðið hafa verið uppgjör eldri kynslóðar og nú var allt breytt, bæði efnahags- og félagslega. Konan gat nú unnið fyrir sér sjálf og höfðu þær allt aðra samfélags- og lífssýn en áður. Eftir að hafa verið þátttakendur í stríðinu sem vinnuafli í verksmiðjum, skrifstofum og öðrum þjónustustörfum voru heimilis- og húsmæðrastörfin ekki heillandi kostur. Í fyrsta sinn í sögu tískunnar gat konan sýnt bera fótleggi og berar axlir. Fegurðarímyndin gjörbreyttist og „stráksleg“ klipping og útlit komst í tísku í staðinn fyrir hinar mjúku kvenlegu línur sem áður höfðu verið ríkjandi.³⁹

Tvíkynja útlit og háttalag komst því í tísku um 1924 og þar af spratt upp ný menning á vegum skemmtanalífsins. Mætti líkja þeim áhrifum við áhrifin frá Rússneska balletinum um 1910.⁴⁰

Strákslega og flatbrjósta útlitið var sett í samhengi við tilhneigingu til samkynhneigðar vegna karlmannsleysis eftir stríðið. Stríðið hafði kostað það mörg mannlíf að hlutfallið milli kynjanna raskaðist verulega, „strákastelpurnar“ (*la garconne*) stunduðu klúbba og spil, reyktu drukku viskí. Samsvarandi gerð af

³⁷ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls.157.

³⁸ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 157.

³⁹ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 157-160.

⁴⁰ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 161.

karlmönnum var „djasstrákurinn“, klæddur sportjakka með belti, þröngum buxum og háhæla lakkskóm og málaði sig.⁴¹

Á þessum tíma virðast bæði kynin hafa þorað að láta ljós sitt skína með því að klæðast því sem þau vildu. Þá sérstaklega unga kynslóðin til að mótmæla aðstæðum þessa tíma.

Franskar konur fóru sérstaklega langt í átt að karlalegri tísku. Þær færðu brjóstalínuna og bældu niður mittislínuna, klipptu hárið stutt og sóttu rakarastofur karla.⁴² Á milli stríðsáranna í há- og millistétt kvenna klæddust konur þó aðallega buxum í afskekktum almenningsrýmum eins og búgörðum og dvalarheimilum. Fatnaðurinn var nú formlaus, einfaldur og beinsniðin, eða öllu heldur kynlaus.⁴³ Það er því ljóst að þegar hér er komið við sögu hefur tvíhyggjan aðeins riðlast, konur færðu sig nær karlatísku, þó karlar færðu sig ekki nær kvennatískunni.

Einn frægasti hönnuður þessa tíma var Coco Chanel, sem kom fyrst fram með þrjónaefni (jersey) á markaðinn í hversdagsklæðum kvenna, en það hafði áður verið einungis notað í sportfatnað karla og herraundirfatnað. Nýir tímar kölluðu á ný hráefni. Orðið *nýfátækt* eða fátæki lúxusinn var notað yfir þennan stíl. Chanel var talin brautryðjandi hins svokallaða *Total look*, eða samræms heildarútlits. Það var í raun hún sjálf sem auglýsti og stóð fyrir sína hönnun; grönn, ung, svarthærð, stuttklippt og fullkomlega sjálfstæð kona. Það sem einkenndi hennar hönnun var að hún sótti ekki eða fékk að láni hugmyndir frá eldri tímum eins og algengt er.⁴⁴

Chanel hannaði fatnað á nútímakonuna og sótti hugmyndir frá herrafatnaði í stað fyrir að herma eftir tísku fyrri tíma, á þann hátt útfærði hún nýjan og kvenlegan stíl sem hentaði nútímakonunni. „Hönnun á fatnaði var nú á sama stalli og önnur hönnun ásamt öðrum listgreinum og þróaðist samhliða þeim, jafnframt því að hafa sömu möguleika á að breyta lífsstíl manna”.⁴⁵

⁴¹ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 160-161.

⁴² Crane, Diana, 2000, bls. 122.

⁴³ Crane, Diana, 2000, bls. 162.

⁴⁴ Crane, Diana, 2000, bls. 162.

⁴⁵ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 162-166.

4.5 1930-1940

Gífulegt atvinnuleysi fylgdi heimskreppunni árið 1932 og þar af leiðandi þurftu konur að stíga eitt skref aftur á bak í jafnréttisbaráttunni og víkja í samkeppninni um atvinnu. Samt sem áður voru frægustu hönnuðir þessa tíma konur.⁴⁶

Þegar leið á seinni heimsstyrjöldina varð mikill vöruskortur sem leiddi til skorts á ýmsum textílafurðum. Afleiðingarnar af þessu urðu þær að hversdagsfötin urðu stíf en notagildið var samt sem áður í fyrirrúmi. Skinn, perlur, bönd, tjull, silki og fleirra hurfu af markaðinum. Hermannýfirbragðið og sparnaðurinn kom fram í drögtum kvenna sem mátti nú einnig nota við ýmis tækifæri sem og fyrir yngri kynslóð kvenna. Dragtirnar urðu vinsælar ásamt þröngu pilsí og jakkinn var aðsniðinn. Hálfasiðar Capribuxurnar urðu vinsælar meðal yngri kynslóðarinnar sem gaf þeim sportlegt yfirbragð.⁴⁷

Vegna skorts á hráefni var í nokkrum tilvikum herrafatnaði breytt í dömufatnað líkt og karlmannsfrakkar þróuðust yfir í í hálfsíða kvenmannsjakka, pils eða barnakápur. Þetta leiddi til þess að notagildið og gæðin urðu í miklu fyrirrúmi og í kjölfarið mun mikilvæga en útlitið enda var nánast öllum tískuhúsum í París lokað meðan á seinni heimsstyrjöldinni stóð. Því má segja að hátíska tímabilsins hafi af einhverju leitinu staðið í stað. Einnig má geta að áhrif frá *New Look* tískunni hafi komið fram í hversdagsfatnaði kvenna.⁴⁸ En draumurinn um vald, virðingu og peninga varð síðan aftur sýnilegur í fatnaði eftir átök seinni heimsstyrjaldar.⁴⁹

Það sem helst hafði áhrif á klæðnað kvenna á 20. öldinni var því ekki bara kosningaréttur, heldur líka heimstyrjaldirnar tvær og sú staðreynd að með þeim breyttist samfélagslegt hlutverk kvenna, að minnsta kosti um tíma. Auðvitað spila hönnuðir líka stórt hlutverk hér, eins og umfjöllunin um Poiret og Coco Chanel sýnir, en hönnun Chanel hafði gríðarleg áhrif á breytta heimsmynd tískunnar.

⁴⁶ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 168.

⁴⁷ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 172-173.

⁴⁸ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 173-174.

⁴⁹ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 167.

5. Frá Chanel til Wang – þá og nú

5.1. Coco Chanel

Gabrielle Bonheur Chanel, betur þekkt undir nafninu Coco Chanel, var franskur tískuhönnuður og stofnandi hins heimsfræga vörumerkis Chanel. Coco Chanel er talin vera einn áhrifaríkasti tískuhönnuðurinn frá upphafi. Talið er að enginn hönnuður hafi haft eins jákvæð áhrif á nútíma fataskáp kvenna víðs vegar um heim. Árið 1915 kom hún á fót frönsku tískuhúsi sem náði gríðarlegum vinsældum á árunum 1920 til 1930 en síðan blómstraði aftur á milli 1950 og 1960. *Mademoiselle* eins og hún var kölluð af sínum starfmönnum sem þýðir á íslensku ungrú, fékk hugmyndir sínar frá sportfatnaði og karlmannsfatnaði og hannaði út frá þeim praktísk, áreynslulaus og glæsileg kvennmannsföt.⁵⁰

Chanel, var oft á tíðum óhóflega örlát þegar hún komst í tengsl við listahliðina sína. Þrátt fyrir það var hún við starfsmenn sína á vinnustofunni, harðskeytt, kröfuhörð og miskunnarlaus. Eiginleikar sem gerðu það að verkum að hún eignaðist einungis fáa vini og varð sífellt einangraðari á síðari hluta æviskeiðsins. Það var eitthvað við Coco Chanel, hún hafði sérstaka hæfileika að skynja breytingu í loftinu, sem er talinn sameiginlegur hæfileiki hönnuða sem hafa verið áhrifamiklir á sínum ferli. „Tíska er eitthvað sem liggur í loftinu” sagði hún, „þú getur fundið fyrir henni koma og fundið lyktina af henni”.⁵¹

Vegur hennar að frægðinni var skjótur og var hennar hönnun byggð á hennar eigin persónulega fatastíl. Sá stíll samastóð af garni og flónel, efnum sem almennt var álitid aðeins viðeigandi fyrir íþróttarföt á þessum tíma. Síðar á ævinni, talaði hún um að örlög hennar hafi verið byggð á gamalli „jersey jumper” sem hún fékk lánaða frá dreng sem hún lét aðlaga á sig með því að klippa í gegnum framhliðina til þess að búa til hneppa peysu. Hún fékk lánaðar hugmyndir aðallega frá karlmanns fötum, umturnaði fataskápum elskuhuga sinna til þess að sækjast í innblásturinn, klæddi upp unglings strák sinn í föt sem höfðu verið mikið endurunninn til þess að ná hinu

⁵⁰ Polan, Brenda og Tredre, Roger, 2009, bls. 39.

⁵¹ Polan, Brenda og Tredre, Roger, 2009, bls. 39-40.

fullkomlega sniði. Í einkalífi sínu, færðu karlmenn henni bæði mikla hamingju og sorg, en í faglega lífi hennar var enginn samkeppni.⁵²

Árið 1915 hafði Coco Chanel opnað tískuhús í Biarritz, ári síðar framleiddi hún fyrstu tískulínu sína sem var kynnt í Biarritz til tafarlausrar sölu við útbreiddan fögnuð. Í þeirri línu tóks hún á við karlmanns peysur, með lægra hálsmáli og borða í gegnum hnappagötin, paraðar saman við plíseruð (e. pleated) pils. Hafa skal í huga að þetta var á stríðsárunum, þegar hagnýtur fatnaður var „de rigueur“. Ári eftir að fyrstu heimsstyrjöldinni lauk skráði Chanel sig sem *couturière* og settist að í *Rue Cambin* númer 31 og stendur það hús enn þann daginn í dag.⁵³ Coco Chanel færði heiminum einfaldleika og praktíska tísku árið 1920. Hún hrinti í burtu yfirlætinu frá *belle époque* tískunni, framleiddi aðgengileg föt og hélt áfram að fá að láni hinar ýmsu flíkur úr fataskápi karlmannsins. Einkennandi fyrir föt Chanel var unglegur kraftur og orka sem kallaði á nýja tíma innan tískunnar og samfélagsins alls.⁵⁴

Coco Chanel er gott dæmi um hönnuð sem hefur leikið sér með kyngervi og raskað skýrri línu tvíhyggjunnar með því að nota karlmannsföt sem grunn að kvenmannsfötum. Ungir hönnuðir hafa margir fylgt í hennar fótspor og jafnvel gengið mun lengra í að losa okkur úr staðalmyndum kynjanna.

5.2. Alexander Wang

Til viðmiðs við Chanel skoða ég tískuhönnuðinn unga, Alexander Wang. Hann skaust upp á stjörnuhimininn mjög ungur að árum og varð strax að stóru nafni og var ráðinn árið 2013 sem listrænn stjórnandi (e. creative director) hins virta og rótgróna tískuhúss Balenciaga.⁵⁵ Meðfram því starfi er hann ennþá á bakvið sitt eigið merki, Alexander Wang, sem nýtur mikilla vinsælda víðsvegar um heim.

Einkennandi fyrir hans hönnun eru áhrifin frá sportfatnaði, og þá alls kyns sportfatnaði, allt frá boltaíþróttum til köfunar og brimbretta íþróttar eða íshökkí. Hann notar íþróttirnar sem eins konar grunn fyrir hverja einustu tískulínu. Honum, líkt og Chanel er umhugað um að flíkurnar sem hann hannar séu þægilegar fyrir þann sem

⁵² Polan, Brenda og Tredre, Roger, 2009, bls. 40.

⁵³ Polan, Brenda og Tredre, Roger, 2009, bls. 40-41.

⁵⁴ Polan, Brenda og Tredre, Roger, 2009, bls. 41.

⁵⁵ Youtube.com, „Alexander Wang – Vogue Voices“, 2013, sótt 24.05.15.

klæðist þeim og að kúnnanum líði vel í fötunum.⁵⁶ Sportfatnaður er eins og augljóst er sérþróaður og hannaður með ákveðna íþrótt eða athöfn í huga – og í því samhengi skipta þægindi miklu máli. Yfirfærsla á þessum þægindum yfir á hversdags tískufatnað er það sem Wang sérhæfir sig í.

Að mínu mati ná líkja þessu saman við innblástur karlmansfatnaðar hjá Chanel. Yfirfærsla sportfatnaðar á kvenfatnað elur af sér áhugaverðan kokteil. Íþróttir hafa gjarnan verið tengdar við karlmenskuna og karllæg gildi; styrkur, snerpa, keppnisandi, blóð, sviti og tár. Kvenfatnaður með beinum vísunum í hinn karllæga heim sportsins bjargar þannig fyrirfram ákveðnar hugmyndir um kyngervið og kynjahlutverkin. Kona Wang stígur fram á svið í gervi eins konar stríðs sporthetju, óhrædd og örugg í eigin skinni.

Lokaorð - Samanburður

Persónuleg framkoma gegnir gríðalega stóru hlutverki í því hvernig fólk skynjar hvert annað. Sem dæmi getur þú fengið hugmyndir um einstaklinga bara með því að horfa á þá. Fatnaður er því lykilatriði í þeirri fyrstu sýn sem þú færð og það segir okkur hversu mikilvæg tíska raunverulega er innan félagslegs samhengis. Eftir kyni hafa svo myndast ákveðnar reglur í klæðaburði í gegnum tíðina sem flestir eru meðvitaðir um sem hafa verið nátengd eðlishyggju og tvíhyggju hugmyndum um kynin.

Hlutverk kynjanna í gegnum tíðina hafa verið tengd þessum tvíhyggjuhugmyndum. Karlmaður og kvenmaður eru samkvæmt því andstæðu-pör og hafa tilheyrt ólíkum hlutverkum í ára raðir. Karlmennska og kvenleiki eru staðalímyndir. Konur eru jú konur og karlar eru jú karlar en föt eru líka föt. Karlmaður klæðir sig í karlmansföt og kvenmaður klæðir sig í kvenmannsföt, eða öfugt? Er það ekki málið? Þá verða föt sem karlar nota karlaföt og föt sem konur nota konuföt.

Tíska gefur manni möguleika á að vera maður sjálfur og ekki vera ruglað saman við aðra en gefa þó til kynna að maður tilheyri ákveðnum hópi í samfélaginu. Þannig getur tíska túlkað eða sýnt vald og virðingarsess stéttar- eða starfsstöðu og þá

⁵⁶ Youtube.com, „Alexander Wang – Vogue Voices”, 2013, sótt 24.05.15.

ræður notagildið ekki alltaf för.⁵⁷ Þetta vekur upp þá spurning hvort og hvernig konur skynja þau fjölbreyttu félagslegu viðhorf sem eru tengd fatnaði og tísku. Eins hvernig og hvort þær samþykki eða hafni þessum birtingamyndum kvenleikans sem merkingabærum fyrir sig sjálfar.⁵⁸

Erum við að færast úr tvíhyggjunni? Er möguleiki á að breyta þessum hefðum? Eru hönnuðir farnir að leika sér meira með kyngervi?

Það hefur margt breyst síðan konur börðust fyrir kosningarétti. Eftir tvær heimstyrjaldir, heimskreppu og framsýna tískuhönnun erum við komin á þann stað að tvíhyggjan hefur vikið að miklu leiti. Hönuðir eru hættir að vera hræddir við að ögra stöðluðum hugmyndum um kynin sem hefur haft verulega jákvæð áhrif á frelsi bæði karla og kvenna til að klæðast því sem þau vilja. Herra tískan í dag líkist oftast kventískunni, á tískupöllum fyrir ekki svo löngu hafa sést skór með „plattform“, magabolir og mittis línu sem færð er upp í kvenlega mittis línu.

Ungir hönnuðir í dag leika sér mun meira að því að kyngervum þar sem bæði karla fatnaður fer inn á kvenlega sviðið og kvenfatnaður fer inn á karlmannlega sviðið. Karlmannlegt og kvenlegt hafa ekki horfið, en frelsið til að nýta sér það sem hentar er komið til að vera.

Hönnuðir í dag eru að koma með svo miklar nýjungar, nota allskyns útfærslur, efnivið og tilraunir til meðhöndlunar að allar reglur virðast vera að hverfa. Notagildið er enn í fyrirrúmi og held er það er ekki að fara að breytast. Ég túlka tískuna í dag sem einhverskonar alhyggju. Það er engin ákveðin stíll allaveganna ekki eins og áður fyrr var, 20. öldin er mjög gott dæmi og nokkuð ljóst að kúgandi tvíhyggjuhugmyndir eru því á undanhaldi að einhverju leiti og frelsi er orðið meira.

⁵⁷ Ásdís Jóelsdóttir, 2005, bls. 148.

⁵⁸ Crane, Diana, 2000, bls. 19.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir

- Ásdís Jóelsdóttir, *Tíska aldanna: Fatnaður og textill – byggingar, húsgögn og myndlist*, Mál og menning, Reykjavík, 2005.
- Crane, Diana, *Fashion and its social agendas; class, gender, and identity in clothing*, University of Chicago, Chicago, 2000.
- Gunnar Skirbekk, Stefán Hjörleifsson og Nils Gilje, *Heimspækisaga*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1999.
- Irma Erlingsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, *Simone de beauvoir; heimspekingur, rithöfundur, femínisti*, Háskólaútgáfan, Reykjavík, 1999.
- Jón Proppé og Úlfhildur Dagsdóttir, *Flögð og fögur skinn*, Mál og menning, Reykjavík, 1998.
- Polan, Brenda og Roger Tredre, *The great fashion designers*, Bloomsbury Academic, án útgáfustaðar, 2009.
- Sigríður Þorgeirsdóttir, *Kvenna megin; ritgerðir um femíníska heimspeki*, Hið íslenska bókmenntafélag, Reykjavík, 2001.

Vefheimildir

- Mbl.is/greinasafn, *Sigríður Þorgeirsdóttir – eðli kvenna í ritun heimspekinga frá Aristóteles til Gunnars Dal*, Menningarblaðið/lesbók, 1999, Sótt 12.10.14, <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/463675/>.
- Visindavefurinn.is, „*Er í alvöru til eitthvað sem heitir eðli, hjá mannfólki og sem munur á milli kynjanna?*”, 2000, Sótt 07.11.14, <http://visindavefur.is/?id=1084>.
- Visindavefurinn.is, „*Hvað er einhyggja og tvíhyggja? Hvers vegna eru þær svo fyrirferðarmiklar í sögunni?*”, 2000, Sótt 15.10.14, <http://visindavefur.is/?id=507>.
- Visindavefurinn.is, „*Hver var René Descartes og fyrir hvað er hann þekktur?*”, 2005, Sótt 15.10.14, <http://visindavefur.is/?id=5406>.
- Visindavefurinn.is, „*Hver var Simone de Beauvoir og hvert var framlag hennar til heimspekinnar?*”, 2011, Sótt 02.11.14, <http://visindavefur.is/?id=61567>.

Visindavefurinn.is, „*Hver er Judith Butler og hvert er hennar framlag til fræðanna?*”
2013, Sótt 10.10.14, <http://visindavefur.is/?id=65469>.

Youtube.com, „*Alexander Wang – Vogue Voices*”, 2013, Sótt 24.05.15,
<https://www.youtube.com/watch?v=9f2wmJjRdcs>.